

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2023/931****2023/EES/79/70****frá 8. maí 2023**

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 að því er varðar skilyrði fyrir notkun hefðbundinna matvæla frá þriðja landi sem eru seyði úr kaffilaufum af *Coffea arabica* L. og/eða *Coffea canephora* Pierre ex A. Froehner (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 frá 25. nóvember 2015 um nýfæði, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1852/2001 ⁽¹⁾, einkum 12. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (ESB) 2015/2283 er kveðið á um að einungis sé heimilt að setja nýfæði, sem er leyft og fært á skrá Sambandsins yfir nýfæði, á markað í Sambandinu.
- 2) Samkvæmt 8. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 var skrá Sambandsins yfir leyft nýfæði komið á fót með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 ⁽²⁾.
- 3) Skrá Sambandsins sem er sett fram í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 inniheldur seyði úr kaffilaufum af *Coffea arabica* L. og/eða *Coffea canephora* Pierre ex A. Froehner sem leyfð hefðbundin matvæli frá þriðja landi.
- 4) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/917 ⁽³⁾ var leyft að setja á markað seyði úr kaffilaufum af *Coffea arabica* L. og/eða *Coffea canephora* Pierre ex A. Froehner sem hefðbundin matvæli frá þriðja landi til notkunar í jurtaseyði.
- 5) Hinn 4. júlí 2022 lagði fyrirtækið Luigi Lavazza Spa (hér á eftir nefnt umsækjandinn) umsókn fyrir framkvæmdastjórnina, í samræmi við 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283, um að breyta skilyrðunum fyrir notkun á seyði úr kaffilaufum af *Coffea arabica* L. og/eða *Coffea canephora* Pierre ex A. Froehner. Umsækjandinn fór fram á að notkunin yrði rýmkuð þannig að hún nái yfir bragðbætta og óbragðbætta óáfenga drykki tilbúna til drykkjar og kaffi, kaffi- og kaffifífilskjarna, skyndikaffi, te, jurta- og aldinsseyði, kaffilíki, kaffiblöndur og skyndiblöndur fyrir drykki (og bragðbættar hliðstæður þeirra) sem eru ætluð fyrir almenning.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 124, 10.5.2023, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 229/2023 frá 22. September 2023 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 327, 11.12.2015, bls. 1.

(2) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 frá 20. desember 2017 um að koma á fót skrá Sambandsins yfir nýfæði í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 um nýfæði (Stjtið. ESB L 351, 30.12.2017, bls. 72).

(3) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/917 frá 1. júlí 2020 um leyfi til að setja á markað seyði úr kaffilaufum af *Coffea arabica* L. og/eða *Coffea canephora* Pierre ex A. Froehner sem hefðbundin matvæli frá þriðja landi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 (Stjtið. ESB L 209, 2.7.2020, bls. 10).

- 6) Framkvæmdastjórnin telur að umbeðin uppfærsla á skrá Sambandsins sé ólíkleg til að hafa áhrif á heilbrigði manna og að öryggismat Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin), í samræmi við 3. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) 2015/2283, sé ekki nauðsynlegt. Tillögð notkun á seyði úr kaffilaufum af *Coffea arabica* L. og/eða *Coffea canephora* Pierre ex A. Froehner mun leiða til inntöku sem er sambærileg við þá inntöku sem er sem stendur leyfið, sem Matvælaöryggisstofnunin lagði mat á og taldi örugga og sem studdi leyfið fyrir hefðbundnu matvælnum frá þriðja landi. Því þykir rétt að breyta skilyrðunum fyrir notkun á seyði úr kaffilaufum af *Coffea arabica* L. og/eða *Coffea canephora* Pierre ex A. Froehner með því að rýmka notkunina svo hún nái yfir bragðbætta og óbragðbætta óáfenga drykki tilbúna til drykkjar og kaffi, kaffi- og kaffifílskjarna, skyndikaffi, te, jurta- og aldinseyði, kaffilíki, kaffiblöndur og skyndiblöndur fyrir drykki (og bragðbættar hliðstæður þeirra).
- 7) Upplýsingarnar í umsókninni gefa nægar forsendur til að ákvarða að breytingarnar á skilyrðum fyrir notkun á hefðbundnu matvælnum frá þriðja landi séu í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 og það ætti að samþykkja þær.
- 8) Að teknu tilliti til þessarar rýmkunar á notkun á seyði úr kaffilaufum af *Coffea arabica* L. og/eða *Coffea canephora* Pierre ex A. Froehner þannig að hún nái yfir fleiri matvælaflokka og af ástæðum sem varða skýrleika og skilning á matvælaflokkum er matvælaflokknum „jurtaseyði“, sem var upphaflega leyfið, breytt í „seyði úr kaffilaufum af *Coffea arabica* L. og/eða *Coffea canephora* Pierre ex A. Froehner til setningar á markað sem slíkt“ en „jurtaseyði“ er fellt inn í matvælaflokkinn „kaffi, kaffi- og kaffifílskjarnar, skyndikaffi, te, jurta- og aldinseyði, kaffilíki, kaffiblöndur og skyndiblöndur fyrir drykki (og bragðbættar hliðstæður þeirra)“.
- 9) Því ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 til samræmis við það.
- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og föður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. maí 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Í stað færslunnar fyrir „seyði úr kaffilaufum af *Coffea arabica* L. og/eða *Coffea canephora* Pierre ex A. Froehner“ (Hefðbundin matvæli frá þriðja landi) í töflu 1 (Leyft nýfæði) í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 kemur eftirfarandi:

Leyft nýfæði	Með hvaða skilyrðum er heimilt að nota nýfæðið		Sértækar viðbótarkröfur varðandi merkingu	Aðrar kröfur	Gagnavernd
„Seyði úr kaffilaufum af <i>Coffea arabica</i> L. og/eða <i>Coffea canephora</i> Pierre ex A. Froehner (Hefðbundin matvæli frá þriðja landi)	<i>Tilgreindur matvælaflokkur</i>	<i>Hámarksgildi</i>	Heiti nýfæðisins, sem kemur fram á merkimiða matvæla sem innihalda það, skal vera „seyði úr kaffilaufum“ eða „seyði úr þurrkuðum kaffilaufum“, eftir því hvaða form er sett á markað.		
	Seyði úr kaffilaufum af <i>Coffea arabica</i> L. og/eða <i>Coffea canephora</i> Pierre ex A. Froehner sem sett er á markað sem slíkt				
	Bragðbættir og óbragðbættir óáfengir drykkir tilbúnir til drykkjar (*)				
	Kaffi, kaffi- og kaffifilskjarnar, skyndikaffi, te, jurta- og aldinseyði, kaffilíki, kaffiblöndur og skyndiblöndur fyrir drykki (og bragðbættar hliðstæður þeirra) (*)				

(*) ekki hefðbundin notkun á matvælunum.“